

Lyf og lyfjanotkun

13. kafli

Heilbrigðisfræði
María

Lausasöluþyf - lyfseðilsskyld lyf

- Lausasöluþyf:

- Getur keypt í apóteki án þess að fá uppáskriftað frá lækni
- Notuð við algengum kvillum;
 - létt verkjastillandi lyf, hitalækkandi lyf, bólgueyðandi, hóstasaft, hægðalyf við hægðatregðu, káðastillandi krem, vítamín....

- Lyfseðilsskyld lyf:

- Læknir þarf að skrifa upp á lyfið
- Samkvæmt nýjum reglum (10. mars 2020) er einungis heimilt að afhenda lyfseðilsskyld lyf til þess aðila sem lyfjunum er ávísað á

Hvað þarf einst. að vita um lyfin sem hann tekur?

- Við hverju lyfið er ætlað
- Hvaða áhrif það hefur
- Styrkleika lyfsins og hve stóran skammt á að taka
- Hvernig og hvenær taka á lyfið


Aukaverkanir - geymsla lyfja

- Aukaverkanir: eru öll óæskileg áhrif af lyfjum
 - Dæmi: verkjalyfið paracetamól getur t.d. valdið lifrarskaða sé það tekið í of stórum skömmtum
- Börn og aldraðir eru viðkvæmari fyrir lyfjum, því hjá börnum er þroski ensímkerfa í lifrinni ekki orðin eins og hjá fullorðnum og hjá öldruðum þá er úrvinnslan orðin hægari.
- Geymsla lyfja:
 - fjarri börnum- í læstum skáp
 - við stofuhita sé ekkert annað tekið fram
 - ekki hafa í t.d. baðherbergi þar sem raki og hitabreytingar eru miklar
 - í upprunalegu umbúðunum
 - lyf geta eyðilagst vegna raka, ljóss eða hita.
 - ónýtum lyfjum skal skila í apótek sem eyðir lyfjum

Almennt um stöðu lyfjamála á Íslandi

- Á Íslandi eru alvarlegar afleiðingar af misnotkun ávanabindandi lyfja vel þekktar.
- Samkvæmt upplýsingum frá SÁÁ nota flestir sem sprauta vímuefnum í æð hér á landi lyfseðilsskyld lyf.
- Alls hafa rúmlega 2.300 einstaklingar, sem hafa sprautað vímuefnum í æð, komið á sjúkrahúsið Vog
- Fram kemur í skýrslu Nomesco árið 2016 að notkun tauga- og geðlyfja er 30% meiri á Íslandi en hjá næstu Norðurlandabjóð sem er Svíþjóð.
- Mestur munur er á ávísunum örvandi lyfja við ADHD en á Íslandi er magn þess sem ávísað er af þessum lyfjum nær tvöfalt meira en í Svíþjóð

Notkun þunglyndislyfja (NO6A) er
mest á Íslandi af öllum löndum OECD



Mynd 3. Notkun(sala) þunglyndislyfja
Árið 2000 og 2013 í OECD ríkjum,
DDD/1000 íbúa á dag
Heimild: OECD Health Statistics

Mikil lyfjanotkun á Íslandi ? og hvers vegna?

- Mikil lyfjanotkun Íslendinga miðað við nágrannalöndin vekur spurningar um ávísunarvenjur íslenskra lækna og hvort uppbygging heilbrigðiskerfisins eigi einhvern þátt í þessari miklu lyfjanotkun.
- Hvað heldur þú?

Misnotkun ávanabindandi lyfja – lyfjafíkn

- Gott meðferðarsamband
- Hitta sjúklinginn reglulega
- Ef sjúklingur (sj.) þróar með sér lyfjafíkn er mikilvægt að læknir aðstoði sj. með öllum tiltækum ráðum
- Gott upplýsingaflæði sé á milli lækna og stofnana
- Embætti landlæknis safnar upplýsingum í lyfjagagnagrunn og hefur eftirlit með notkun lyfja.
- Læknar geta haft samband við embættið ef þeir óska frekari upplýsinga úr lyfjagagnagrunni varðandi einstaklinga sem þeir eru að sinna hverju sinni.